



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Ársskýrsla 2010

Á árinu var nóg við að vera að vinna að þeim verkefnum sem styrkir höfðu unnist til á árinu 2008 og munaði þar mest um tvö verkefni frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NICE) og verkefni um skotveiðitengda ferðapjónustu sem styrkt var af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP). Stærsta einstaka verkefni ársins var þó 19. samnorræna ráðstefnan um ferðamálafræði, sem RMF átti veg og vanda að og haldin var á Akureyri dagana 22.-24. september 2010. Starfsmenn RMF sáu í einu og öllu um skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar en var það samdóma álit allra 125 gesta að hún hefði heppnast einstaklega vel.

Öll áttu þó þessi verkefni það sameiginlegt að þeim lauk við lok árs. Styrkjaumsóknir í samkeppnissjóði hafa líkt og 2009 litlu skilað, sem von er enda nú slagkraftur RMF til muna minni eftir niðurskurð ársins 2009. Sem fyrr er stefnan að fá fé frá hinu opinbera og koma Rannsóknamiðstöðinni á fjárlög. Var því haldin stjórnarfundur um haustið til að koma á hreint sameiginlegri stefnu og sýn fyrir RMF, sem hægt væri að leggja fyrir ráðuneyti ferðamála. Forstöðumaður lagði til kjarnastafsemi, sem hverfðist um þrjú skilgreind rannsóknasvið RMF með starfsmanni með fullt akademískt hæfi yfir hverju, auk forstöðumanns og tveggja aðstoðarmanna. Skemmst er frá því að segja að ekki tókst að sameinast um hvaða stefnu starfsemi RMF ætti að taka né hvaða hlutverk RMF leikur er kemur að rannsóknum í ferðamálum á Íslandi. Þegar þetta er ritað við upphaf árs 2011 er því nokkur óvissa um hvaða stefnu starfsemin tekur.

Við lok árs rann út tímabundinn samningur við HÍ um samstarf um starfsmann við skólann. Þar sem ljóst var að fjárhagur ársins 2011 mundi ekki leyfa endurnýjun var samningurinn látin renna út án athugasemda. Þannig verður að hægt halda starfsemi RMF fyrir árið 2011.

Stafsmenn á árinu 2010 voru:

Björg Árnadóttir, sérfræðingur – tímabundin ráðning v/verkefnis NICE

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður 90%¹

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%

Dr. John Hull, gestaprófessor 0%

Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri 50%

Dr. Rannveig Ólafsdóttir, sérfræðingur við Háskóla Íslands 50%

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur haldin 2. mars, haustfundur 22. september og fjárfundur í framhaldi haustfundar 20. október.

¹%=skilgreint starfshlutfall

Á aðalfundi var ný stjórn kjörin, í henni eiga sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður

Fjóla Björk Jónsdóttir (Háskólinn á Akureyri)

Anna Dóra Sæþórsdóttir, (Háskóli Íslands)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar)

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Hólaskóli)

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Rannsóknarverkefni ársins

Áætlanirnar þrjár

Ekki var farið á fund ráðherra ferðamála á þessu ári en þess í stað reynt að teikna upp sameiginlega sýn og hlutverk fyrir RMF sem gæti byggt á þeim grunni sem rannsóknáætlanirnar þrjár hafa að geyma. Áætlanirnar þrjár höfðu til þessa verið kynntar ráðherra beint en það hefur til þessa ekki borið árangur. Á haustfundi 2010 lá fyrir dagskrá að koma sér saman um slíka þessa sýn og um hvert hlutverk RMF yrði er kæmi að rannsóknum í ferðamálum á Íslandi. Ekki tókst það á þeim fundi og boðað til framhaldsfundar sem haldin var gegnum fjarfundarbúnað. Fyrir síðari fundinum lá tillaga sem forstöðumaður setti saman á grunni umræðu frá haustfundi. Var markmiðið að slík sameiginleg tillaga yrði grundvöllur þess að farið yrði að þrýsta á um að rannsóknir í ferðamálum kæmust á fjárlög, þá gegnum framlög til RMF að hluta.

Eins og málum er háttað nú hefur ekki náðst samstaða um stefnu eða hlutverk RMF meðal stjórnar og því vart von að fjárframlög fáist.

Storytelling and destination development

Verkefnið er fjármagnað af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni frá 2008 til loka árs 2010. Markmið verkefnisins er að þróa notendavæna tækni sem getur gagnast við samskipti sögumanna og sagnaslóða á Norðurlöndum. Þetta verkefni skoðar sérstaklega hvernig sagnamennska fer fram, hvernig hún er skipulögð og hvort að sérstakur samskiptavettvangur gæti gagnast sagnamennsku á Norðurlöndum, eftt samvinnu milli hagsmunaaðila og bætt upplifun ferðamanna. Íslenski hluti þessa verkefnis skoðaði sérstaklega uppbyggingu slíkrar ferðamennsku í Borgarfirði með áherslu á Landsnámssetur í Borgarnesi. Einnig er lagt upp með framsetningu sagnahefða sem spratt uppúr verkefninu Destination Vikings Sagalands, sem styrkt var af NPP og lauk fyrir þremur árum.

Þátttökustofnanir eru eftirtaldar:

- BI Norwegian School of Management, Oslo
- HANKEN School of Economics, Vasa
- Aalborg University
- University West, Trollhättan

Björg Árnadóttir hjá Reykjavíkur Akadémíunni sinnti þessu verkefni ásamt Edward H. Huijbens, forstöðumanni.

Þessu verkefni lauk á árinu með útgáfu tveggja skýrslna, sem báðar er hægt að fá af www.rmfi.is:

- Mossberg, L., Therkelsen, A., Huijbens, E.H. Björk, P. & Olsson, A.K. 2010: *Storytelling and Destination Development - Five Nordic Case Stories*. Oslo: NICE.
- Björg Árnadóttir, 2010: *Iceland Country Report. Storytelling at the Settlement Centre of Iceland*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Nordic Wellbeing - A health tourism approach to enhance competitiveness of Nordic tourism

Verkefnið er fjármagnað af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni frá 2008 til loka árs 2010. Það fjallar um Norræna heilsutengda ferðaþjónustu snýst um að skoða innihald og framsetningu heilsu ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Verkefnið snýr að því að skýra tengsl vellíðunar og heilsu ferðaþjónustu sem getur þá nýst ferðaþjónustu aðilum í markaðssetningu. Sérstök áhersla er á Norðurlönd og hvort norræn vellíðan geti nýst sérstaklega sem vidd í markaðssetningu þá gegnum upplifun ferðalanga af hugmyndinni. Íslenska tilvikið skoðaði Jarðböðin í Mývatnssveit og uppbyggingu heilsu ferðaþjónustu þar í kring, en skoðar einnig hugmyndir um heilsu ferðaþjónustu á landsvísu.

Þátttökustofnanir eru eftirtaldar:

- University of Joensuu, Centre for Tourism Studies (Finland)
- HANKEN School of Economics (Finland)
- Advance/1, Science Park (Danmörk)
- European Tourism Research Institute (Svíþjóð)
- Norwegian School of Management (Noregur)

Edward H. Huijbens, forstöðumaður sinnir þessu verkefni.

Þessu verkefni lauk á árinu með útgáfu tveggja skýrslna, sem báðar er hægt að fá af www.rmfi.is, auk neðantalinna greina:

- Hjalager, A.-M., Konu, H., Huijbens, E., Björk, P., Flagestad, A., Nordin, S. & Tuohino, A. 2011: *Innovating and re-branding Nordic wellbeing tourism*. Oslo: NICE.
- Huijbens, E. 2010: *Iceland Country Report – The Mývatn region as a possible Nordic wellbeing destination*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Huijbens, E. í rýni: Natural wellness – health and wellness as nature-based tourism products. *Tourism Geographies*.
- Huijbens, E. 2011: Developing wellness in Iceland - Theming wellness destinations the Nordic way. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*. 11(1): í prentun

Verkefnið mun halda áfram en verið er að móta það í upphafi árs 2011 og leita styrkja.

Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðaþjónustu – North hunt verkefnið

RMF er þátttakandi í samnorrænu verkefni um sjálfbæra uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda. Er um að ræða rannsóknir í því skyni að efla samstarf frumkvöðla, sveitarfélaga og hins opinbera, ásamt Umhverfistofnun og háskólum í markaðssetningu og gerð ferðaþjónustu í kringum skotveiðar. NPP mun styrkja verkefnið til þriggja ára, 2008-2010.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinnir verkefninu ásamt Edward og Jón Gesti, en verkið er unnið í nánú samstarfi við RHA. Verkefninu lauk í lok árs 2010 og eftir það liggja nokkrar útgáfur í skýrslum sem hægt er að nálgast á heimasíðu RMF (www.rmfi.is)

19. samnorræna ráðstefnan í ferðamálafræði

Rannsóknamiðstöð ferðamála bauð til 19. samnorrænu ráðstefnunnar um ferðamálafræði að þessu sinni, en hún er haldin á hverju ári að hausti og fer milli Norðurlandanna fimm. Undirbúningur hófst á síðla árs 2009 en var í fullum gangi allt árið 2010 mest þó á ráðstefnudögum 22.-24. september. Gestir ráðstefnunnar voru 125 og var hún haldin í nýju Menningarhúsi Akureyrarbæjar Hofi. Var mikil og almenn ánægja með ráðstefnuna enda hún vel heppnuð í alla staði. Heimasíða ráðstefnunnar er opin og er: <http://www.rmfi.is/19thNordicsymposium>. Eftir ráðstefnuna er útgefin útdráttabók og hana er hægt að finna á heimasíðu RMF.

Samhliða ráðstefnunni var haldið námskeið fyrir dr. nema við Háskólann á Hólum sem 10 neman sóttu og aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar einnig. Var það borgað af ráðstefnunni og skipulag af Hólaskóla og þótti í alla staði vel heppnað.

Nýtt NPP verkefni – Rural Transport

Á haustdögum hófst verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, sem RMF leiðir á Íslandi um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum. Er markmið verkefnisins að þróa nýjungar í samgöngum fyrir svæði á jaðri norður Evrópu sem byggja afkomu sína á ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Er verkefnið unnið í samvinnu við Svía og Skota og mun leitast við að bæta net almenningsamgangna og upplýsingagjöf þar um. Þannig stendur til að þróa:

- Nýjar leiðir fyrir ferðaþjónustu sem mætir árstíðarsveiflum og tengist flugsamgöngum
- Samnýting leiða fyrir flutning á mat til áfangastaða og sorphirðu og endurvinnslu frá áfangastöðum
- Notendavæna upplýsingagjöf gegnum netið og farsíma

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinnir verkefninu ásamt Edward og Jón Gest.

Samstarf við háskóla í Póllandi

Á árinu vannst styrkur í samstarfi við aðila í Póllandi til að standa undir samstarfi við Rannsóknamiðstöðina sem fælist í gagnkvæmri rannsóknavinnu og kennslu í löndunum tveimur. Styrksjóðurinn er fjármagnaður af EFTA og heitir Fundusz Stypendialny i Szkoleniowy (FSS). Á árinu var farin ferð til Varsjá þar sem nemendum við SWPR skólann var kennt í tveimur lotum. Framundan eru frekari ferðir til Póllands í tengslum við heilsuferðaþjónustu ásamt því að veita viðtöku gestum þaðan til bæði rannsókna og kennslu.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni.

Stjórnunarhættir í ferðaþjónustu - framhald áformað

Gerð hefur verið könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Helgi Gestsson, lektor við viðskipta og raunvísiseild, Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við sömu deild Háskólans á Akureyri og Hafðís Björg Hjálmarsdóttir, lektor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, stóðu að framkvæmd könnunarinnar sem unnin var í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og unnið úr á vegum HRM ráðgjafar. Sú skýrsla kom út í mars 2007 og er framhald áformað til að fylgja eftir niðurstöðum þeirrar könnunar og fá samanburð.

Það framhald skýrðist á árinu þegar Jón Gestur Helgason var settur í hálf starf og hóf jafnframt meistaranám við HA í alþjóðastjórnun fyrirtækja. Mun hans meistararitgerð verða framhaldsathugun og mun könnun verða gerð vorið 2011, sem Jón hefur unnið að og undirbúið.

Uppbygging MTA náms

Undanfarin ár hefur verið unnið að þróun framhaldsnáms í samstarfi skólanna þriggja sem að RMF standa. Var hugmyndin að setja saman *Master of Tourism Administration* og liggur fyrir samþykkt handbók og frágengið skipulag. Ljóst varð á árinu að ekki fengist fjármagn til kennslunnar og námskeiðið því komið á ís um óákveðin tíma.

Ímyndir Íslands og Norðursins

RMF leggur til þessa verkefnis rannsókn á þróun ímyndar Íslands sem alþjóðlegs áfangastaðar, sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem nú fer fram um ímyndasköpun á vegum forsætisráðuneytis og snýst um vörumerkjavæðingu landsins. Grein var endanlega skilað í desember 2009, eftir ritrýningu en hún kemur út á miðju ári 2011.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni.

Verkefni í Eyjafirði og með Akureyrarstofu

Á árinu sinnti Eyrún J. Bjarnadóttir samskiptum við ferðaþjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila á Eyjafjarðarsvæðinu. Tók hún m.a. þátt í mánaðarlegum fundum ferðaþjónustuaðila í Eyjafirði sem hagsmunaaðilar stóðu að og var þar með ýmiss konar erindi á vegum RMF.

Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli

Gerð var brottfararkönnun meðal flugfarþega með flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar um sumarið líkt og sumarið 2010. Byggir sú vinna á því sem gert er í Keflavík meðal brottfararfarþega á vegum Rannsókna og Ráðgjafar ferðaþjónustunnar, en ítrekaðar óskir um samstarf hafa ekki borið árangur þó vilji sé fyrir hendi. Fyrirsjáanlegt er þó að sumarið 2011 muni Ferðamálastofa halda úti könnunum og mun RMF leita eftir samstarfi þar um.

Könnunin er sem fyrr gerð í samvinnu við Flugstöðir, Viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Um var að ræða könnun meðal erlendra farþega í áætlunarflugi Iceland Express milli Akureyrar og Kaupmannahafnar á tímabilinu 5. júní – 28. ágúst. Könnuninni var ætlað að kanna ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun þeirra erlendu gesta sem fara frá Íslandi um Akureyraflugvöll og kortleggja ferðamynstur þeirra um Norðurland.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward sinna þessu verkefni og mun skýrsla liggja fyrir í upphafi árs 2011, en hún er seld þar sem ekki hafa fengist styrkir til vinnunnar.

Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi

RMF vinnur að því að hrinda í framkvæmd samræmdri kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu stefnumótun byggða á henni á landsvísu. Markmið þessa verkefnis er að tryggja grundvöll vöruþróunar og markaðssetningar á svæðum markaðsstofa landshlutana.

Grundvöllur stefnumótunarinnar er ítarleg úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu á svæðunum í samvinnu við lykil hagsmunaaðila. Þessi úttekt snýr að náttúru- og menningargæðum í þágu ferðaþjónustu, þjónustu innviðum, samgöngum og mannauð svæða. Yrðu þessi þættir kortlagðir í landfræðileg upplýsingakerfi, sem gerir ferðaþjónustu kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Gögnin verða unnin og sett í grunninn í hverju svæði og sett saman gegnum röð funda við hagsmunaaðila á svæðunum. Landfræðileg upplýsingakerfi gefa einnig möguleika á að leggja saman og bera saman einstök gagnasöfn og kort og eru þannig ómetanleg þegar kemur að vöruþróun, þar sem hægt er að átta sig á hvar mest aðdráttarafl og þjónusta er fyrir hendi og hvernig það er samansett, en einnig hvar vantar að skilgreina aðdráttarafl eða byggja upp þjónustu. Þannig verður á grunni úttektarinnar gerð stefnumótun til 5 ára og þróaðir vörupakkar sem byggja á sérstöðu hvers svæðis fyrir sig með aðkomu alþjóðlegra ráðgjafa.

Árangur verður metin gegnum þá nýsköpun sem á sér stað í vöruþróun og byggir á þeim gögnum sem aflað er. Einnig verður horft til aukinnar samvinnu og samræðna í greininni og hvernig ferðaþjónusta fengi aukið vægi í landnýtingu og skipulagi á landsvísu.

Ekki vannst fé til að koma þessu áfram á árinu en áfram er unnið að því og því sinnir Edward H. Huijbens, forstöðumaður.

Þróunarverkefni um akademíska ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal

RMF er þáttakandi í uppbyggingu ferðaþjónustu að Svartárkoti í Bárðardal. Er um nokkuð viðamiklu og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti- og kennsluáðstöðu við jaðar Ódáðahrauns þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema allsstaðar að úr heiminum. Spurningin er hvernig ferðaþjónusta er þetta, hvernig er hægt að útbúa námskeið og námsefni á svæði sem þessu og hvað þarf að koma til.

Þrjú námskeið voru haldin sumarið 2010.

Af smærri vangaveltum

Rannsóknamiðstöð ferðamála fylgist vel með straumi ferðafólks um landið og hélt úti könnunum og rannsóknarvinnu víða um land sumarið 2010. Kannanir meðal ferðafólks voru meðal allra brottfararfarþega í flugi Iceland Express á Akureyrarvelli, en að auki í Fjallabyggð, Borgarfirði Eystri og Mývatnssveit. Einnig var unnið að viðtölum fyrir ferðaþjónustufólk á höfuðborgarsvæðinu í kringum stjórnunarhætti ferðaþjónustu, eigendur sumarhúsa, ferðamálafrömuði á Vesturlandi og sérstaklega Borgarfirði sem og þróun ferðaþjónustu á Austurlandi.

Af öðrum smærri vangaveltum og rannsóknarverkefnum má nefna:

- Ísland og eyjaferðamennska – tækifæri og ógnanir
 - Grein í *Tourism Geographies* kom út á árinu
- Ferðamennska sem svar kreppunnar – hluti af þemahefti
 - Grein í *Current Issues in Tourism* kom út á árinu
- Rannsóknaraðferðir ferðamála – verufræði
 - Grein í *Annals of Tourism Research* í rýni
- Ímyndir Íslands og Norðursins – vörumerkjavæðing lands
 - Grein í ritstýrðu safnríti með öndvegisstyrk Rannís
- Heilsutengd ferðamennska
 - Grein í *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism* í prentun
 - Grein í *Tourism Geographies* í rýni
- Klasar og svæðisbundin þróun ferðaþjónustu
 - Grein í *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism* í rýni
- Frístundabúseta sem ferðamennska og hluti samfélaga í dreifbýli
 - Grein í *Sociologica Ruralis* í skrifum
 - Kafli í bók, útgefin
- Ferðamennska í Fjallabyggð
 - Kafli í bók, útgefin
- Skipulag og hlutverk flugvalla í svæðisbundinni markaðssetningu

Útgefið efni

Björg Árnadóttir, 2010: *Iceland Country Report. Storytelling at the Settlement Centre of Iceland*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún J. Bjarnadóttir og Jón Gestur Helgason 2010: *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2009*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir: Hlutverk flugvalla í þróun áfangastaðar. Dæmi frá Norðurlandi 2010. I. Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, bls. 43-51.

Hjalager, A.-M., Konu, H., Huijbens, E., Björk, P., Flagestad, A., Nordin, S. & Tuohino, A. 2011: *Innovating and re-branding Nordic wellbeing tourism*. Oslo: NICE.

Huijbens, E. 2010: Þróun heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi – hvað finnst ferðafólki sjálfu. I. Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, bls. 23-31.

Huijbens, E. 2010: Empire and Beyond – book review. *Geografiska Annaler B*. 92(2): 178-180.

Huijbens, E. 2010: Ferðamenn í Fjallabyggð sumarið 2009. Þ. Bjarnason & K. Stefánsson (ritstj.) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðaþróun*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri, bls. 38 – 49.

Huijbens, E. 2010: Viðhald samfélags? Hlutverk frístundahúsaeigenda í samfélögum á jaðarsvæðum. Þ. Bjarnason og K. Stefánsson (ritstj.) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng. Samgöngur, samfélag og byggðaþróun*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri, bls. 93 – 105.

Huijbens, E. 2010: *Nowe Wyzwania Gospodarki Turystycznej. Turysta w obszarach przyrodniczo cennych*. Warsaw: SWPR.

Huijbens, E. 2010: Ferðafólk og geótúrismi í nágrenni Dyrfjalla (bls. 44). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Huijbens, E. 2010: *Iceland Country Report – The Mývatn region as a possible Nordic wellbeing destination*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Huijbens, E. & Dłużewska A. 2010: Causes of environmental and socio-cultural dysfunctions generated by mass tourism in areas of outstanding natural beauty. K. Ostapowicz, & J. Kozak (ritstj.) *Forum Carpathicum. Integrating Nature and Society Towards Sustainability - Conference Proceedings*. Cracow: Institute of Geography and Spatial Management, Jagiellonian University, bls. 118-119.

Hull, J.S. 2010: Promoting Geotourism: A case study form Northeast Iceland. D. Newsome & R.K. Dowling (ritstj.) *Geotourism. The tourism of geology and landscape* (bls. 61-76). Oxford: Goodfellow.

Jóhannesson, G.P. & Huijbens, E. 2010: Tourism in times of crisis: Exploring the discourse of tourism development in Iceland. *Current Issues in Tourism*. 13(5): 419-434.

Jóhannesson, G.P., Huijbens, E. & Sharpley, R. 2010: Icelandic Tourism: Opportunities and Threats. *Tourism Geographies*. 12(2): 278-301.

Matilainen, A. & Keskinarkaus, S. (ritstj.) 2010: *The Economic Role of Hunting Tourism – Examples from Northern Areas*. Helsinki: Ruralia (Reports 64).

Matilainen, A. & Keskinarkaus, S. 2010: *The Social Sustainability of Hunting Tourism in Northern Europe*. Helsinki: Ruralia (Reports 59).

Mossberg, L., Therkelsen, A., Huijbens, E.H. Björk, P. & Olsson, A.K. 2010: *Storytelling and Destination Development - Five Nordic Case Stories*. Oslo: NICE.

Rannsóknamiðstöð ferðamála 2010: *Creative Destinations in a Changing World – Book of Abstracts 19th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Fyrirlestrar og erindi

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á ráðstefnunni Samgöngur og samfélag Fjallabyggðar fyrir opnun Héðinsfjarðarganga á Siglufirði, 6. febrúar.

Titill: Ferðamenn í Fjallabyggð.

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á blaðamannafundi Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi um Akureyrarflugvöll, Akureyri, 8. mars.

Titill: Könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2009

Kynning Edward H. Huijbens á blaðamannafundi Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi um Akureyrarflugvöll, Akureyri, 8. mars.

Titill: Áfangastaður verður til! - Framreikningur helstu niðurstaðna

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á fundi áhugafólks um öflugt samstarf ferðaþjónustuaðila í Eyjafirði á Akureyri, 11. mars.

Titill: Könnun meðal brottfararfarþega hjá Iceland Express sumarið 2009

Kynning Rannveig Ólafsdóttir á Flókadegi, Rannsóknardegi í landfræði og ferðamálafræði Háskóla Íslands. Háskólatorgi 16. apríl.

Titill: Er mengun af ferðaþjónustu meiri en af álbræðslu? Um áhrif ferðamennsku.

Kynning Edward H. Huijbens á Umhverfissvottun Vestfjarða Ráðstefna Ferðamálasamtaka Vestfjarða, Núpi í Dýrafirði, 17. apríl.

Titill: Upplifun ferðafólks af náttúru Íslands.

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á málstofu á sýningunni Skagafjörður – lífsins gæði og gleði, á Sauðárkróki, 25. apríl.

Titill: Beint millilandaflug til Akureyrar: Tækifæri fyrir skagfirska ferðaþjónustu.

Kynning Edward H. Huijbens á Nordic Rural Futures Conference. Uppsala, Svíþjóð, 4. maí, m. Þ. Bjarnason.

Titill: Second homes and socio-cultural change. Sustaining a village's social fabric? The role of second home owners in peripheral communities.

Kynning Edward H. Huijbens á Nordic Rural Futures Conference. Uppsala, Svíþjóð, 4. maí, m. Þ. Bjarnason.

Titill: Migration cycles over the life-course in the periphery of Northern Iceland.

Kynning Edward H. Huijbens á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði 2010 við Háskólann á Bifröst, 8. maí.

Titill: Birting Íslands. Af ímyndum, fólki og ferðalögum.

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði 2010 við Háskólann á Bifröst, 8. maí.

Titill: Hlutverk flugvalla í þróun áfangastaða

Kynning Edward H. Huijbens á 2. International Polar Tourism Research Network Conference. Abisko, Svíþjóð, 15. júní.

Titill: Developing Academic Tourism at the Edge of the Arctic. The Development of the Svartárkot Culture/Nature Project.

Kynning Edward H. Huijbens á Permanent European Conference for the Study of the Rural Landscape (PECSRL). Riga - Liepaja, Lettlandi, 23. – 27. ágúst.

Titill: The biography of Icelandic wetlands – reading mindset through maps

Kynning Edward H. Huijbens á ráðstefnu Travel and Tourism Research Association (TTRA) “Health, Wellness and Tourism - healthy tourists, healthy business?”. Budapest, Ungverjaland, 1.-3. september.

Titill: Natural wellness: Health and wellness as nature-based tourism product.

Kynning Edward H. Huijbens á námsmiðju um fræðandi ferðaþjónustu, Kiðagili í Bárðardal, 21. september.

Titill: Möguleikar akademískrar ferðaþjónustu í vöruþróun á jaðarsvæðum.

Kynning Rannveig Ólafsdóttir á 19th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research, Akureyri 22.-25. september.

Titill: Assessing hiking trails condition in Þórsmörk, southern Iceland. Implication for sustaining visitor use.

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á 19th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research, Akureyri 22.-25. september.

Titill: The role of airports in destination development: The case of Akureyri Airport.

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Hjördís Sigursteinsdóttir á 19th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research, Akureyri 22.-25. september.

Titill: Marketing and future potential of hunting tourism in Iceland.

Kynning Rannveig Ólafsdóttir og Runnström á R-VoN, Symposium on Current Research in Engineering and Natural Sciences við HÍ, 8.-9. október.

Titill: How wild is Iceland. Assessing wilderness quality with respect to nature based tourism.

Kynning Nouza M., og Ólafsdóttir, R á R-VoN, Symposium on Current Research in Engineering and Natural Sciences við HÍ, 8.-9. október.

Titill: Second homes in Iceland. - Motives and development.

Veggspjald kynnt af Taylor, V.F., Ólafsdóttir, R. og Benediktsson, K., á R-VoN, Symposium on Current Research in Engineering and Natural Sciences við HÍ, 8.-9. október.

Titill: Historical assessment of Icelandic wilderness using GIS.

Kynning Rannveig Ólafsdóttir á Málþinginu Þjóðgarðsstjórnun – gildi þekkingar og menntunar. Egilsstöðum 11. október.

Titill: Tourism in protected areas.

Kynning Edward H. Huijbens á Málþinginu Þjóðgarðsstjórnun – gildi þekkingar og menntunar. Egilsstöðum 11. október.

Titill: Co-ordinated regional strategic planning and product development - the value for protected areas -.

Kynning Edward H. Huijbens fyrir Akureyrarakademíuna, Akureyri 21. október.
Titill: Upplifun ferðafólks af náttúru Íslands

Kynning Rannveig Ólafsdóttir á Landupplýsingum 2010, Ráðstefnu LÍSU samtakanna, Reykjavík, 21. október.
Titill: Mat á ástandi göngustíga í Þórsmörk.

Kynning Edward H. Huijbens á 11. Þjóðarspegli, Reykjavík, 29. október.
Titill: Þróun heilsutengdrar ferðaþjónustu á Íslandi – hvað finnst ferðafólki sjálfu

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á 11. Þjóðarspegli, Reykjavík, 29. október.
Titill: Hlutverk flugvalla í þróun áfangastaða. Dæmi frá Norðurlandi.

Kynning Edward H. Huijbens fyrir Gestgjafamót farfuglaheimila 2010, Reykjavík, 30. október.
Titill: Hvert stefnir ferðaþjónustan?

Kynning Edward H. Huijbens á ráðstefnu um Dyrfjöll – Náttúrugarður, Egilsstaðir, 11. nóvember.
Titill: Upplifun ferðafólks af náttúru Íslands

Kynning Edward H. Huijbens á Vísindi og grautur, hádegisfyrirlestraröð háskólans á Hólum, Hólum í Hjaltadal, 8. desember.
Titill: Viðerni sem ferðavara - Upplifun af öræfum sem heilsutengd ferðaþjónusta

Kynning Hjördís Sigursteinsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. Erindi flutt á málþinginu Skotveiðitengd ferðaþjónusta – þróunarmöguleikar í dreifðum byggðum. Akureyri, 13. desember.
Titill: Félagsleg viðhorf til skotveiðitengdrar ferðaþjónustu á Íslandi.

Yfirlit ársins

Að neðan er listi yfir þær ráðstefnur, málþing, vinnufundi og verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur verið beinn aðili að. Starfsmenn mættu á 7 alþjóðlegar fræðaráðstefnur víða um heim á árinu, auk þess að taka þátt í fjölda málfunda og fyrirlestra á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og annarra aðila.

Janúar:

- 14. Verkefna fundur í franska sendiráðinu.
- 20. Kynningarfundur á TSP fyrir Teikn á lofti

Unnið að framkvæmd svæðisbundinnar stefnumótunar og skrifum greinar um frístundabyggð í Fjallabyggð. Unnið að skipulagi MTA náms og að verkefnum fyrir NICE og NPP.

Febrúar:

- 5. Ferð á Hóla, kynning á rannsóknaverkefnum RMF
- 6. Samgöngur og samfélag Fjallabyggðar, erindi frá RMF
- 12. Viðtöl í Reykjavík v/ NICE
- 16. Fundur um þróun skíðasvæða

Unnið að samstarfsverkefni við Frakka, skipulagi aðalfundar, gagnaöflun og kynningarfundum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Mars:

- 2. Aðalfundur RMF
- 8. Opin fundur um millilandaflug frá Akureyri, erindi frá RMF
- 11. Fundur um samstarf ferðaþjónustuaðila í Eyjafirði
- 11.-21. Sjúkraleyfi forstöðumanns
- 23. Aðalfundur SAF, afhending lokaverkefnisverðlauna og fundir í Reykjavík

Unnið að samstarfsverkefni við Frakka, umsóknar í NordCorp, gagnaöflun og kynningarfundum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Apríl:

- 1.-6. Páskafri
- 16. Flókadagur, Rannsóknardagur í landfræði og ferðamálafræði Háskóla Íslands
- 17. Erindi flutt á aðalfundi ferðamálasamtaka Vestfjarða
- 25. Sýningin Skagafjörður – lífsins gæði og gleði, erindi frá RMF
- 23.-27. Kennsla í Varsjá

Unnið að umsókn í NordCorp, NPP Rural transport umsókn, NPP Adventure tourism umsókn gagnaöflun og kynningarfundum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Maí:

- 3.-5. Nordic Rural Futures ráðstefna – erindi frá RMF
- 7.-8. Byggðarannsóknarþing við Bifröst – málstofur/vinnufundir RMF
- 12. Vorþing félags landfræðinga – bæklingar í ferðaþjónustu
- 28. Eftir gullæðið – ráðstefna við HÍ, erindi RMF

Unnið að NPP Rural transport umsókn, NPP Adventure tourism umsókn gagnaöflun og kynningarfundum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Júní:

- 3. Fundur um Héðinsfjarðarverkefni
- 10.-17. Fundur á Hurtigrutan um skipulag rannsókna í ferðamálum á heimsskautaslóð-ráðstefna í Abisko á eftir.
- 25. Viðtöl í Reykjavík vegna frístundahúsarannsóknar
- 28.-30. Michaela Antoušková vann með RMF frá Czech University of Life Sciences

Flugvallarkönnun í framkvæmd sem og könnun í Mývatnssveit, unnið að gagnaöflun og skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Júlí:

Flugvallarkönnun í framkvæmd sem og könnun í Mývatnssveit, unnið að gagnaöflun og skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Ágúst:

- 17. Viðtöl í Mývatnssveit
- 20. Vinnufundur vegna 19. samnorrænu ráðstefnunnar
- 22.-28. PECSRL ráðstefna í Lettlandi, erindi RMF

Flugvallarkönnun í framkvæmd sem og könnun í Mývatnssveit, unnið að gagnaöflun og skrifum. Minnisblað um efnahagsáhrif hvalaskoðunar sett saman að ósk hagsmunaaðila. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

September:

- 1.-4. TTRA ráðstefna í Búdapest, erindi RMF
- 9. Viðtöl vegna Héðinsfjarðarverkefnis
- 21. Námsmiðja um fræðandi ferðaþjónustu, Kiðagili í Bárðardal
- 22. Stjórnarfundur RMF
- 22.-24. 19th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research – skipulagt og framkvæmt af RMF á Akureyri – 125 gestir.

Kannanir sumarsins í úrvinnslu, unnið að gagnaöflun og skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og skipulagi 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Október:

- 4.-6. Úttekt á kennslu ferðamálafræði við HÍ og Hóla.
- 8.-9. Symposium on Current Research in Engineering and Natural Sciences við HÍ
- 11.-12. Málþing um þjóðgarðsstjórnun á Héraði, tvö erindi RMF
- 21. Fyrirlestur um ferðamál fyrir Akureyrar akademíuna
- 26. Kynning á RMF fyrir bæjarstjórn Akureyrar
- 28. Fundir í Reykjavík
- 29. Þjóðarspejill – ráðstefna um þjóðfélagsmál, tvær málsstofur
- 30. Kynning fyrir félag farfuglahúsa á Íslandi

Kannanir sumarsins í úrvinnslu, unnið að gagnaöflun og skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og úrvinnslu 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Nóvember:

- 4. Uppskeruhátíð MFN
- 11.-12. Fundur á Borgarfirði Eystri um náttúrugarð við Dyrfjöll, erindi frá RMF
- 15. Vinnufundur með Martin Gren

Kannanir sumarsins í úrvinnslu, unnið að Evrópuumsóknum, gagnaöflun og skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og úrvinnslu 19. samnorrænu ráðstefnunnar.

Desember:

- 3. Ársfundur HA
- 7. Fundur með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu um flugvallarkönnun
- 8. Erindi á Hólum – vísindi og grautur
- 13. Skotveiðitengd ferðaþjónusta – þróunarmöguleikar í dreifðum byggðum, málþing skipulagt af RMF.
- 14. Fundur með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu í Mývatnssveit

Kannanir sumarsins í úrvinnslu, unnið að Evrópuumsóknum, gagnaöflun og skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NICE og NPP, sem og úrvinnslu 19. samnorrænu ráðstefnunnar.